

Forvarnir

Fylgirit 3 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Efnisyfirlit

1. Inngangur 3

1.1 Úrvinnsla gagna3

2. Eldvarnaeftirlit 4

2.1 Eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna4

2.2 Eldvarnaeftirlit þjónustuaðila brunavarna4

2.3 Eldvarnaeftirlit SHS4

3. Skoðunarskylda 5

3.1 Notkunarflokkar6

3.2 Byggingar í notkunarflokkum 1 og 2.....6

3.2.1 Viðbragðstími meiri en 15 mínútur 7

3.3 Byggingar í notkunarflokkum 4, 5 og 6.....8

3.3.1 Viðbragðstími meiri en 15 mínútur 8

3.4 Friðaðar byggingar9

3.4.1 Viðbragðstími meiri en 15 mínútur 9

4. Skoðanir 10

4.1 Sundurliðun skoðana og skoðanatíðni10

4.1.1 Frumskoðanir í notkunarflokkum 1 og 2..... 10

4.1.2 Frumskoðanir í notkunarflokkum 4, 5 og 6..... 11

4.1.3 Eftirfylgniskoðanir 11

4.1.4 Öryggis- og lokaúttektir 11

4.1.5 Skoðanir vegna umsagna 11

4.1.6 Skoðanir vegna einkabrunavarna 11

4.1.7 Skoðanir vegna forvarnaverkefna 11

4.1.8 Áætlaður árlegur heildarfjöldi skoðana 11

4.2 Árleg eftirlitsáætlun11

4.3 Mönnun eldvarnaeftirlits.....12


4.4 Viðbragðstími lengri en 15 mínútur.....12

5. Heimildir 14

5.1 Helstu lög og reglugerðir14

1. Inngangur

Í III. kafla laga um brunavarnir nr. 75/2000 er fjallað um eftirlit og skyldur sveitarfélaga, m.a. til að starfrækja eldvarnaeftirlit. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laga og reglna um brunavarnir sé framfylgt. Eftirlitið skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum og er lögð aðaláhersla á notkunarflokka 1, 2, 4, 5 og 6 (sjá um notkunarflokka í kafla 3.1). Alls eru skráðar tæplega 5.300 byggingar, heitinúmer, á starfssvæðinu sem falla undir þessa notkunarflokka.



Mynd 1. Allar byggingar á starfssvæði SHS í notkunarflokkum 1, 2, 4, 5 og 6.

1.1 Úrvinnsla gagna

Haldið er utan um skoðunarskyldar fasteignir, skoðanir þeirra og málarekstur í rafræna kerfinu *Brunaverði*. Brunavörður er með tengingu við fasteigna- og fyrirtækjaskrá. Skoðunarskyldar fasteignir eru tengdar við fasteigna- og fyrirtækjaskrá og/eða tenging uppfærð af skoðunarmönnum þegar þeir vinna með fasteignir og skoðanir á þeim. Gæði gagna eru rýnd reglulega og upplýsingum breytt eftir skoðanir ef það reynist nauðsynlegt. Unnið er út frá heiti-, fasta- og/eða matshlutanúmeri fasteignar, allt eftir því hvað á við í hvert skipti.

[Sjá nánar um útkallssvæði í fylgiriti 1 með brunavarnaáætlun SHS.](#)

Tafla 1. Fjöldi bygginga í notkunarflokkum 1, 2, 4, 5 og 6 á starfssvæði SHS.

	NFL 1	NFL 2	NFL 4	NFL 5	NFL 6	Alls
Útkallssvæði 1	2.428	1.510	476	439	95	4.948
Útkallssvæði 2	54	8	3	4	0	69
Útkallssvæði 3	195	13	13	7	0	228
Útkallssvæði 4	10	4	2	0	0	16
Alls	2.687	1.535	494	450	95	5.261

2. Eldvarnaeftirlit

Eldvarnaeftirliti má skipta upp í eftirfarandi þrjá meginflokka:

- Eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna
- Eldvarnaeftirlit þjónustuaðila brunavarna
- Eldvarnaeftirlit SHS

Markmið SHS er að hjálpa eigendum og forráðamönnum mannvirkja að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum með reglubundnu eftirliti og aðhaldi. Stefna SHS er að ná þessu markmiði með því að bjóða upp á rafrænar lausnir í Brunaverði sem auðvelda öllum aðilum að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um brunavarnir.

Rétt er að hafa í huga að eldvarnir eru, samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000, allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds og er eldvarnaeftirlit því umfangsmikið verkefni.

2.1 Eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna

Samkvæmt 23. gr. laga um brunavarnir kemur fram að eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis beri ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim.

SHS vinnur skipulega að framgangi eigin eldvarnaeftirlits með eldvörnum. Kynningarefni er dreift samhliða eldvarnaskoðunum og forráðamenn eru hvattir til að taka upp eigið eftirlit. Kröfur eru gerðar um eigið eftirlit í því húsnæði sem megináhersla er lögð á að skoða.

2.2 Eldvarnaeftirlit þjónustuaðila brunavarna

Markmið reglugerðar um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011 er að tryggja að þjónusta vegna brunavarna sé af viðunandi gæðum og með þeim hætti að brunavarnir séu að fullu virkar á hverjum tíma.

Enginn má starfa sem þjónustuaðili brunavarna nema hafa starfsleyfi til þess útgefið af Mannvirkjastofnun. Til að koma í veg fyrir tvíverknað og sóun og tryggja markviss vinnubrögð er mikilvægt að SHS hafi aðgang að skoðunum þjónustuaðila brunavarna sem snerta almennt eldvarnaeftirlit slökkviliðsins, t.d. með

- handslökkvitækjum,
- slökkvikerfum,
- brunaviðvörðunarkerfum,
- brunapéttingum.

Í dag er eftirlit þjónustuaðila brunavarna með vatnsúðakerfum í Brunaverði. Flest vatnsúðakerfi á höfuðborgarsvæðinu eru undir reglulegu eftirliti og viðhald þeirra er gott, sem tryggir að kerfin uppfylla hlutverk sitt þegar á reynir. Í upphafi árs 2016 voru rúmlega 600 vatnsúðakerfi á starfssvæði slökkviliðsins. Þjónustuaðilarnir framkvæma um 7.500 skoðanir á vatnsúðakerfunum á hverju ári. Fjöldi áskilinna brunaviðvörðunarkerfa á starfssvæði SHS er um 7.000 og þau ber að skoða einu sinni á ári. Heildarfjöldi skoðana í vatnsúða- og brunaviðvörðunarkerfi eru því tæp 15.000 á höfuðborgarsvæðinu. Það er því tvímælaust mikil hagræðing að geta haft eftirlit með þjónustuaðilunum á rafrænu formi, svo ekki sé talað um aukið öryggi og virkni kerfanna.

Þetta fyrirkomulag hefur einfaldað SHS allt eldvarnaeftirlit og beitingu þvingunarúrræða vegna vatnsúðakerfa, sem stundum er nauðsynlegt til að ná fram úrbótum á eldvörnum. Hagræði og skilvirkni af þessu fyrirkomulagi er einnig umtalsvert.

2.3 Eldvarnaeftirlit SHS

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laga og reglna um brunavarnir sé framfylgt. Sú skylda er til staðar frá því að hugmynd um byggingaráform verður til þar til mannvirkið er rífið og er það eina eftirlit sveitarfélaganna ásamt heilbrigðiseftirlitinu sem skoðar mannvirki eftir að öryggis- og lokaúttekt er lokið, oft kallað frumkvæðisskoðanir. Það má því flokka eldvarnaeftirlit SHS í eftirfarandi flokka:

Hönnunareftirlit

Fyrirhugaðar byggingar geta komið inn á borð forvarnasviðs þegar þær eru á hugmyndastigi, meðan á hönnun þeirra stendur og við skoðun hjá byggingarfulltrúa þegar erindi um byggingaráform liggur fyrir. Þessi verkefni geta verið einföld, t.d. þegar byggingar eru litlar og/eða eru hannaðar eftir viðmiðunarreglum byggingarreglugerðar. Þau geta einnig verið mjög viðamikil og flókin, t.d. þegar byggingar eru stórar og/eða háðar sérstakri brunahönnun. Í þessu felst yfirferð teikninga og hönnunargagna, t.d. skýrslna frá brunaverkfræðingum, funda, umsagna, munnlegra og skriflegra samskipta og skráningar. Þetta er mjög mikilvægur hlekkur í orsakakeðju sem leiða á til brunaörugggra mannvirkja, því mistök í hönnun leiða oftast til mistaka eða óheppilegra ákvarðana við byggingu mannvirkis.

Öryggis- eða lokaúttekt

Við öryggisúttekt skulu þau atriði er varða öryggis- og heilbrigðismál vera í lagi, en við lokaúttekt skal bygging vera fullkláruð. Báðar þessar úttektir eru unnar sameiginlega af byggingarfulltrúa og slökkviliði og mynda lokahnykkinn á málsmeðferð byggingarfulltrúa áður en hann útskrifar viðkomandi byggingu til reglubundins eftirlits slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits. Þetta ferli gildir líka við byggingarleyfisskyldar breytingar á byggingum.

Reglubundið eldvarnaeftirlit

Reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit kveður á um þau mannvirki, lóðir og starfsemi sem eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnaeftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda. Jafnframt er kveðið á um mismunandi tíðni eftirlits með mannvirkjum eftir eðli og starfsemi. Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir skoðunarskyldu. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a. byggja á leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar. Skráin er aðgengileg á vefsíðu SHS og uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Endurmat, breyttar kröfur vegna breyttrar notkunar

Komi í ljós við eldvarnaskoðun að notkun eða fyrirkomulagi byggingar hafi verið breytt á þann hátt að það snerti eldvarnir og öryggi, gerir slökkvilið kröfu um að úrbætur verði unnar á grundvelli endurhönnunar aðaluppdráttar og nýs byggingaleyfis. Önnur atriði en þau er varða eldvarnir geta átt við í þessu samhengi og er byggingarfulltrúi þá upplýstur um þau. Byggingarfulltrúi hefur annars ekki eftirlitsskyldu með mannvirkjum sem tekin hafa verið í notkun og á því erfitt um vik að fylgjast með breytingu á mannvirkjum og notkun þeirra.

3.Skoðunarskylda

Í 19. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 segir að eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi sé skoðunarskyld af hálfu eldvarnaeftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda:

- Par sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,
- þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar,
- allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar,
- mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki,
- annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnaeftirliti.

Í sömu grein segir að eftirlit með mannvirkjum sem falla undir a, b og c liði skuli framkvæmt einu sinni á ári að lágmarki. Eftirlit með mannvirkjum sem falla undir d og e liði skal framkvæma að lágmarki fjórða hvert ár.

Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir ofangreinda skoðunarskyldu. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a. byggja á leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar. Skráin skal birt í brunavarnaáætlun og uppfærð a.m.k. einu sinni á ári á vefsíðu viðkomandi slökkviliðs eða sveitarfélags.

Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar liggja ekki fyrir þannig að ekki er hægt að leggja fram endanlegt mat á skoðunarskyldu bygginga sem eru í notkunarflokkum 1 og 2. Mat á skoðunarskyldu verður unnið í samvinnu við Mannvirkjastofnun þegar leiðbeiningarnar liggja fyrir, sem og mönnun eldvarnaeftirlitsins. Þangað til er skoðunarskylda og skoðanatíðni, [sjá kafla 4.1](#), tengd notkunarflokki byggingar eða því hvort hætta sé á stórfelldu manntjóni eða eignatjóni í eldsvoða. Við þetta mat er stuðst við getu slökkviliðsins til að bregðast við og sömuleiðis horft til viðbragðstíma, útbreiðsluhættu við eldsvoða, stærð meginbrunahólfa og menningarsögulegs mikilvægis og friðunar byggingar. [Sjá einnig kafla 4.5 í brunavarnaáætlun.](#)

3.1 Notkunarflokkar

Byggingar og önnur mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öryggi fólks, dýra, umhverfis, menningarverðmæta og eigna gagnvart bruna sé ávallt tryggt. Þessu öryggi skal viðhaldið allan þann tíma sem mannvirkið stendur. Jafnframt skal tryggt eins og framast er unnt að bruni eða niðurrif mannvirkisins valdi sem minnstum spjöllum á umhverfinu. Þessi flokkun er í takt við markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000 um að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja m.a. fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir.

Eftirfarandi þrír þættir hafa mest að segja varðandi vægi notkunarflokkana:

- Er sofið á staðnum?
- Þekkja allir flóttaleiðirnar?
- Geta allir bjargað sér út?

Notkunarflokkarnir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt:

Notkunarflokkur 1

Mannvirki eða rými þar sem ekki er gert ráð fyrir að fólk geti gist. Fólk sem er í mannvirkinu þekkir flóttaleiðir og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.

Notkunarflokkur 2

Mannvirki eða rými þar sem gert er ráð fyrir að fólk geti safnast saman. Ekki er gert ráð fyrir að fólk gisti innan mannvirkisins. Fólk sem er í mannvirkinu er ekki allt nægjanlega kunnugt umhverfinu til að þekkja flóttaleiðir en er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.

Notkunarflokkur 3

Mannvirki eða rými þar sem gert er ráð fyrir að fólk gisti. Fólk sem er í mannvirkinu þekkir flóttaleiðir og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.¹

Notkunarflokkur 4

Mannvirki eða rými þar sem gert er ráð fyrir að fólk gisti. Fólk sem er í mannvirkinu er ekki allt nægjanlega kunnugt umhverfinu til að þekkja flóttaleiðir en er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.

¹ Mannvirki í notkunarflokki 3 eru einbýlis- og fjölbýlishús, frístundahús og einstök gistiherbergi, þ.m.t. heimagisting. Notkunarflokkur 3 er ekki skoðunarskyldur.

Notkunarflokkur 5

Mannvirki eða rými þar sem einhverjir innan mannvirkisins eru ekki færir um að koma sér sjálfir út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.

Notkunarflokkur 6

Mannvirki eða rými þar sem einhverjir innan mannvirkisins eru lokaðir inni og ekki færir um að koma sér sjálfir út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.

Flokkun eigna í notkunarflokka er mismunandi. Um 4.200 (80%) af skoðunarskyldum eignum eru í notkunarflokki 1 og 2, og um 1.000 (20%) í notkunarflokki 4, 5 eða 6.

3.2 Byggingar í notkunarflokkum 1 og 2

Fjöldi bygginga í notkunarflokkum 1 og 2 eru ríflega 4.200 talsins. Starfsemi í þessum notkunarflokkum er fjölbreytt, allt frá almennu atvinnuhúsnæði upp í stærri verslunarmiðstöðvar.

Tafla 2. Dæmi um starfsemi í notkunarflokkum 1 og 2.


Notkunar-flokkur	Dæmi um notkun	Sofið	Þekkja flóttaleiðir	Geta bjargað sér
1	Mannvirki þar sem fólk starfar, ss. allt almennt atvinnuhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, lager, skrifstofur, bankar, smærri verslanir (<150m²), skólar sem ekki flokkast undir flokk 2, 4 eða 5* tilheyrandi bílageymslur starfsmanna og byggingar fyrir dýr**. Sameiginlegar bílageymslur fjölbýlishúsa.	Nei	Já	Já
2	Mannvirki þar sem gert er ráð fyrir því að fólk geti safnast saman, ss. fyrirlestrarsalir, kirkjur, kvikmyndahús, leikhús, veitingastaðir, diskótek, íþróttasalir, vöruhús, stærri verslanir og verslunarmiðstöðvar, aðstaða fyrir dans, nám og frístundastarf og bílageymslur aðrar en í notkunarflokki 1 eða 3.	Nei	Nei	Já

* Almennir skólar og frístundaheimili falla undir notkunarflokk 1.

** Flokkunin miðast við starfsmenn í þessum húsum.

3.2.1 Viðbragðstími meiri en 15 mínútur

Í 9.2.6. gr. byggingarreglugerðar er fjallað sérstaklega um þátttöku slökkviliðs í björgun. Meginreglan er sú að við ákvörðun brunavarna í mannvirki skal taka tillit til getu slökkviliðs í viðkomandi sveitarfélagi, viðbragðstíma og mögulegrar aðstoðar annarra slökkviliða og skal þess getið með hvaða hætti slíkt er gert í greinargerð þess hönnuðar sem ábyrgð ber á brunavörnum.



Mynd 2. Byggingar í notkunarflokki 1 og 2 á starfssvæði SHS.

Tafla 3. Fjöldi bygginga í notkunarflokkum 1 og 2 og meðalviðbragðstími á starfssvæði SHS.

Við bestu aðstæður	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1					
Notkunarflokkur 1 og 2	3.938	3.931	99,8%	7	0,2%
Útkallssvæði 2, 3 og 4					
Notkunarflokkur 1 og 2	284	259	91,2%	25	8,8%
Alls	4.222	4.190	99,2%	32	0,8%

Á álagstíma	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1					
Notkunarflokkur 1 og 2	3.938	3.751	95,0%	187	4,7%
Útkallssvæði 2, 3 og 4					
Notkunarflokkur 1 og 2	284	201	70,8%	83	29,2%
Alls	4.222	3.952	93,6%	270	6,4%

Alls eru 32 mannvirki í notkunarflokki 1 og 2 með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur við bestu aðstæður. Á álagstíma fjölgar þeim mannvirkjum umtalsvert eða um 238 sem slökkviliðið nær ekki til innan 15 mínútna. [Í kafla 4.4](#) er fjallað um úrræði vegna þessara mannvirkja.

3.3 Byggingar í notkunarflokkum 4, 5 og 6

Fjöldi heitinúmera í notkunarflokkum 4, 5 og 6 eru ríflega 1.000 talsins. Starfsemi í þessum notkunarflokkum er fjölbreytt, allt frá gististöðum upp í lokaðar deildir á sjúkrahúsum.

Tafla 4. Dæmi um starfsemi í notkunarflokkum 4, 5 og 6.

Notkunarflokkur	Dæmi um notkun	Sofið	Þekkja flóttaleiðir	Geta bjargað sér
4	Mannvirki þar sem gisting er boðin, s.s. hótél og aðrir gististaðir, frístundahús til útleigu og skálar til útleigu og húsnæði þar sem boðin er tilfallandi gisting, þ.m.t í skólum.	Já	Nei	Já
5	Mannvirki sem hýsir meðferðar- og legudeildir sjúkrahúsa, vöggustofur, íbúðir og stofnanir fyrir aldraða eða fatlaða, leikskólar og yngstu deildir grunnskóla (1. til 4. bekkur)	Já	Nei	Nei
6	Mannvirki sem hýsa fangelsi, lokaðar deildir á sjúkrahúsum, s.s. geðdeildir, og aðrir staðir þar sem menn eru lokaðir inni	Já	Nei	Nei



Mynd 3. Byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 á starfssvæði SHS.

3.3.1 Viðbragðstími meiri en 15 mínútur


Í 9.2.6. gr. byggingarreglugerðar er fjallað sérstaklega um þátttöku slökkviliðs í björgun. Meginreglan er sú að við ákvörðun brunavarna í mannvirki skal taka tillit til getu slökkviliðs í viðkomandi sveitarfélagi, viðbragðstíma og mögulegrar aðstoðar annarra slökkviliða og skal þess getið með hvaða hætti slíkt er gert í greinargerð þess hönnuðar sem ábyrgð ber á brunavörnum.

Tafla 5. Fjöldi bygginga í notkunarflokkum 4, 5 og 6 og meðalviðbragðstími á starfssvæði SHS.


Við bestu aðstæður	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	1.010	1.005	99,5%	5	0,5%
Útkallssvæði 2, 3 og 4					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	29	19	65,5%	10	34,5%
Alls	1.039	1.024	98,6%	15	1,4%

Á álagstíma	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	1.010	965	95,5%	45	4,5%
Útkallssvæði 2, 3 og 4					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	29	12	41,4%	17	58,6%
Alls	1.039	977	94,0%	62	6,0%

Alls eru 15 mannvirki (1,4%) í notkunarflokki 4, 5 og 6 með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur við bestu aðstæður. Á álagstíma fjölgar þeim mannvirkjum umtalsvert eða um 47 sem slökkviliðið nær ekki til innan 15 mínútna. Fjallað er um úrræði vegna þessara mannvirkja [í kafla 4.4.](#)



Mynd 4. Viðbragðstími í byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 á starfssvæði SHS.



Mynd 5. Friðaðar byggingar á starfssvæði SHS.

3.4 Friðaðar byggingar

274 friðlýst hús og mannvirki eru á starfssvæði SHS. Öll slík hús eru skoðunarskyld skv. 19. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit, án tillits til notkunarflokks. Þau skal skoða að lágmarki fjórða hvert ár.

3.4.1 Viðbragðstími meiri en 15 mínútur

Tvö friðuð mannvirki, Gljúfrasteinn og Brautarholt VI, eru með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur. Fjallað er um úrræði vegna þessara mannvirkja [í kafla 4.4](#).

Tafla 6. Fjöldi friðaðra bygginga og meðalviðbragðstími á starfssvæði SHS. Viðbragðstími við bestu aðstæður.

Friðaðar byggingar	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1	268	268	100%	0	0,0%
Notkunarflokkur 1, 2 og 3	227	227	100%	0	0,0%
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	41	41	100%	0	0,0%
Útkallssvæði 2, 3 og 4	6	4	66,7%	2	33,3%
Notkunarflokkur 1, 2 og 3	6	4	66,7%	2	33,3%
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	0	0	0,0%	0	0,0%
Alls	274	272	99,3%	2	0,7%

4.Skoðanir

Unnið er út frá heiti-, fasta- og/eða matshlutanúmeri fasteigna, allt eftir því hvað á við í hvert skipti. Fjöldi skoðana (málsnúmera) á hverja byggingu fer aðallega eftir fjölda eigenda en er einnig háður notkunarflokkum og forráðamönnum byggingarinnar. Mikilvægt er að taka tillit til þátta eins og eftirfylgni, þvingunarúrræða og réttar stjórnsýslu þegar skoðunum er skipt. Reynsla síðastliðinna ára er að meðaltali 1,76 skoðanir á hvert heitinúmer en mismunandi eftir notkunarflokkum, sjá töflu hér fyrir neðan. Fjöldi eininga gæti því verið um 9.300.

Tafla 7. Fjöldi skoðana eftir notkunarflokkum.

	Heitinúmer	Eigendur/forráðamenn	Málsnúmer
Notkunarflokkur 1 og 2	4.222	1,9	8.022
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	1.039	1,2	1.247
Alls	5.261	1,8	9.269

4.1 Sundurliðun skoðana og skoðanatíðni

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 skal slökkviliðsstjóri, fyrir 1. febrúar ár hvert, gefa út eftirlitsáætlun þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti á árinu. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins. Jafnframt skal slökkviliðsstjóri taka saman og senda Mannvirkjastofnun skýrslu um framkvæmd og árangur eldvarnaeftirlits liðins árs fyrir 1. mars ár hvert. Árleg eftirlitsáætlun sem er byggð á reglugerð nr. 723/2017 og ákvæðum þessarar brunavarnaáætlunar mun liggja fyrir fyrir árslok 2018.

Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir skoðunarskyldu þessarar greinar. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a. byggja á leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar en þar til þær liggja fyrir verður byggt á eftirfarandi flokkun um skoðunarskyldu. Skoðunartíðni er tengd notkunarflokki byggingarinnar eða því hvort hætta sé á stórfelldu manntjóni eða eignatjóni í eldsvoða. Við þetta mat er stuðst við getu slökkviliðsins til að bregðast við og einnig er horft til eftirfarandi atriða:

- Hættu á stórfelldu manntjóni.
- Hættu á stórfelldu eignatjóni.
- Viðbragðstíma.
- Útbreiðsluhættu við eldsvoða.
- Stærð meginbrunahólfa.
- Menningarsögulegt mikilvægi og friðun byggingarinnar.

4.1.1 Frumskoðanir í notkunarflokkum 1 og 2

Frumskoðun er skoðun að frumkvæði slökkviliðs samkvæmt fyrirbyggjandi skoðunaráætlun viðkomandi árs. Einnig skipulagðar þemaskoðanir og tilfallandi skoðanir sem aðstæður eða ábendingar kalla á.

Skoðunartíðni bygginga í notkunarflokkum 1 og 2 er háð mati slökkviliðsstjóra en þó skal að lágmarki skoða þær fjórða hvert ár. Ákveðnar byggingar eru þó skoðaðar árlega eða annað hvert ár.

Skoðað árlega

Eftirfarandi byggingar skal skoða árlega. Áætlaður árlegur fjöldi skoðana er um 35 til 40.

- Allar byggingar sem eru flokkaðar sem sérstök áhætta samkvæmt brunavarnaáætlun. [Sjá kafla 10.4 í brunavarnaáætlun](#) og [fylgirit 2 um áhættugreiningu](#).

Skoðað annað hvert ár

Eftirfarandi byggingar skal skoða annað hvert ár. Áætlaður árlegur fjöldi skoðana er 500 til 700.

- Byggingar með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur.
- Byggingar sem hafa menningarsögulegt mikilvægi og/eða friðaðar.
- Byggingar þar sem meginbrunahólf er stærra en 2.000 fermetrar.
- Þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni.

Skoðað fjórða hvert ár

Eftirfarandi byggingar skal skoða fjórða hvert ár. Áætlaður árlegur fjöldi er 1.500 til 1.700.

- Þær byggingar þar sem slökkviliðsstjóri metur er að ekki sé hætta á stórfelldu mann- eða eignatjóni í eldsvoða og slökkviliðið ráði við án hættu á frekari útbreiðslu.

4.1.2 Frumskoðanir í notkunarflokkum 4, 5 og 6

Í reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 kemur fram að allar byggingar í notkunarflokkum 4, 5 og 6, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar skuli skoða að lágmarki einu sinni á ári. Árlegur fjöldi skoðana er um 1.200 til 1.500.

4.1.3 Eftirfylgniskoðanir

Eftirfylgniskoðun er í kjölfar frumskoðunar til að tryggja að orðið hafi verið við kröfum slökkviliðs um úrbætur. Að hámarki er farið í fjórar slíkar skoðanir í einstöku máli áður en gripið er til þvingunarúrræða sem tilgreind eru í VIII. kafla laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Reynsla sýnir að í um 25% tilvika þarf að fara í eftirfylgniskoðun að lokinni frumskoðun til að tryggja að orðið hafi verið við kröfum slökkviliðs um úrbætur. Árlegur fjöldi eftirfylgniskoðana er um 800 til 1.000.

4.1.4 Öryggis- og lokaúttektir

Öryggis- og lokaúttektir eru framkvæmdar að beiðni byggingarfulltrúa. Ekki er heimilt að taka nýja byggingu eða hluta hennar í notkun nema að undangenginni loka- og/eða öryggisúttekt byggingarfulltrúa og slökkviliðs. Þetta gildir einnig um byggingarleyfisskyldar breytingar á húsnæði. Öryggis- og lokaúttektir samkvæmt beiðni byggingarfulltrúa eru árlega um 300 til 400.



4.1.5 Skoðanir vegna umsagna

Skoðanir að beiðni sýslumanns vegna rekstrarleyfa veitinga- og gististaða, lögreglustjóra vegna geymslu og sölu skotelda og sprengiefnis auk brennuleyfa og sveitarfélaga vegna heimadaggæslu barna eru árlega um 800 til 1.000.

4.1.6 Skoðanir vegna einkabrunavarna

Á fámennum og landfræðilega afskekktum dreifbýlissvæðum, þar sem ekki er hægt að koma því við að vera með útkallslið er heimilt að tryggja öryggi svæðisins með öðrum hætti. Brunavarnir skulu þá tryggðar t.d. í formi aukinna einkabrunavarna og forvarnastarfs sem viðhaldi ásættanlegu öryggi fyrir líf, heilsu, umhverfi og eignir og/eða með rekstri útstöðvar með fyrsta viðbúnaði fyrir utanhúss slökkvistarf og þjálfun íbúa í björgunarstörfum á meðan beðið er eftir slökkviliði. Á starfssvæði SHS eru slíkar ráðstafanir viðhafðar þegar viðbragðstími er lengri en 15 mínútur. [Sjá nánar í kafla 4.4.](#)

Skoðanir á einkabrunavörnum og fræðsla eru árlega um 20 til 40.

4.1.7 Skoðanir vegna forvarnaverkefna

Forvarnaverkefni er leiðsögn til fyrirtækja og stofnana vegna eigin eldvarnaeftirlits þeirra og gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana vegna eldsvoða.

Forvarnaverkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir eru árlega um 25 til 50.

4.1.8 Áætlaður árlegur heildarfjöldi skoðana

Áætlaður heildarfjöldi skoðana forvarnasviðs SHS er byggður á mati á fjölda frumkvæðisskoðana og reynslu af fjölda annarra skoðana. Ekki er óvarlegt að áætla í samræmi við ofangreint að heildarfjöldi sé um 5.000 til 6.500. Það eru um 20 - 26 skoðanir á hverjum vinnudegi.

4.2 Árleg eftirlitsáætlun


Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnaeftirlit skal slökkviliðsstjóri, fyrir 1. febrúar ár hvert, gefa út eftirlitsáætlun þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti á árinu. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins. Jafnframt skal slökkviliðsstjóri taka saman og senda Mannvirkjastofnun skýrslu um framkvæmd og árangur eldvarnaeftirlits liðins árs fyrir 1. mars ár hvert.

4.3 Mönnun eldvarnaeftirlits

Mönnun eldvarnaeftirlits er háð fjölda skoðana sem eftirlitið þarf að sinna. Leiðbeiningar Mannvirkja-stofnunar um matsaðferðir, sem slökkviliðsstjóri á að styðjast þegar ákveðið er hvort byggingin er skoðunarskyld og þá hversu langt má líða á milli þeirra, liggja ekki fyrir. Ekki er ósennilegt að heildarfjöldi skoðana SHS verði á bilinu 5.000 – 7.000 á ári. Fram að því metur slökkviliðsstjóri skoðunarskyldu og skoðanatíðni í samræmi reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit, að teknu tilliti til annarra forsenda sem hann ákveður. [Sjá kafla 4.1.](#)

Línuritið hér að neðan sýnir áhrif skoðunartíðni á skoðanafjölda ársins.

Skoðunartíðni í notkunarflokki 1 og 2



Mynd 6. Fjölgun skoðana með aukinni skoðunartíðni.

4.4 Viðbragðstími lengri en 15 mínútur

Eins og áður hefur komið fram eru um 5.300 byggingar (heitinúmer) á starfssvæði SHS í notkunarflokkum 1, 2, 4, 5 og 6. Á stöðum þar sem viðbragðstími slökkviliðs er yfir 15 mínútur eða slökkviliðið er á einhvern hátt vanbúið til að ráða við eld í mannvirki af þessari gerð skulu brunavarnir mannvirkis auknar sem áhrifum þessa nemur eða lögð áhersla á einkabrunavarnir og forvarnastarf.

Í töflunni hér fyrir neðan sést að viðbragðstími er lengri en 15 mínútur í um 47 til 332 skoðunarskyldra mannvirkja allt eftir því hvort útkallið er við bestu aðstæður eða á álagstíma. Farið verður í sérstakt fræðsluáttak um einkabrunavarnir á útkallssvæðum 2, 3 og 4 á árinu 2019.

Tafla 8. Viðbragðstími í skoðunarskyldar byggingar á starfssvæði SHS.

Við bestu aðstæður	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1	4.948	4.936	99,8%	12	0,2%
Útkallssvæði 2, 3 og 4	313	278	88,8%	35	11,2%
Alls	5.261	5.214	99,1%	47	0,9%

Á álagstíma	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1	4.948	4.716	95,3%	232	4,7%
Útkallssvæði 2, 3 og 4	313	213	68,1%	100	31,9%
Alls	5.261	4.929	93,7%	332	6,3%

Í byggingarreglugerðinni, gr. 9.2.6, er sérstaklega fjallað um byggingar þar sem þátttaka slökkviliðs er nauðsynleg í björgun fólks.

9.2.6. gr. Þátttaka slökkviliðs í björgun.

Meginreglur: Við ákvörðun brunavarna í mannvirki skal taka tillit til getu slökkviliðs í viðkomandi sveitarfélagi, útkallstíma og mögulega aðstoð annarra slökkviliða og skal þess getið með hvaða hætti slíkt er gert í greinargerð þess hönnuðar sem ábyrgð ber á brunavörnum. Á þeim stöðum þar sem útkallstími slökkviliðs er yfir 15 mín eða slökkviliðið er á einhvern hátt vanbúið til að ráða við eld í mannvirki af þessari gerð skulu brunavarnir mannvirkis auknar sem áhrifum þessa nemur. Byggt skal á upplýsingum í brunavarnaáætlun viðkomandi slökkviliðs.

Viðmiðunarreglur: Ekki er heimilt að hanna byggingar með rýmingu um svalir ofan þeirrar hæðar sem búnaður viðkomandi slökkviliðs ræður við. Umfang rýmingar um svalir skal takmarka við afkastagetu slökkviliðs til björgunar af svölum. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.

Hér eru skoðaðar sérstaklega byggingar þar sem líklegt er að þátttaka slökkviliðs í björgun sé nauðsynleg og er horft til bygginga í notkunarflokkum 4, 5 og 6 samkvæmt byggingarreglugerð.

Lögð er áhersla á allar byggingarnar í notkunarflokki 4, 5 og 6 séu skoðaðar árlega og verða þær sem eru með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur skoðaðar sérstaklega á árinu 2018 m.t.t. ákvæða greinar 9.2.6 í byggingarreglugerð og í framhaldi af því metið til hvaða ráðstafana verður gripið í hverju tilviki fyrir sig í samráði við forráðamenn.

Helstu úræði eru eftirfarandi:

- 1. Úrbætur á eldvörnum mannvirkis.
- 2. Aukin tíðni eftirlits.
- 3. Fræðsla.

Fimmtán byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 eru með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur við bestu aðstæður. Þeim fjölgar verulega á álagstíma en þá eru þær 62.

Tvö friðuð mannvirki á höfuðborgarsvæðinu, Gljúfrasteinn (á álagstíma) og Brautarholt VI, eru með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur. Í þeim tilvikum er gripið til þess úrræðis að auka tíðni eldvarnaeftirlits, en samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit skal skoða mikilvægar menn-ingarsögulegar byggingar og mannvirki að lágmarki fjórða hvert ár.

Tafla 9. Fjöldi bygginga í notkunarflokkum 4, 5 og 6 með lengri viðbragðstíma en 15 mínútur.

Við bestu aðstæður	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	1.010	1.005	99,5%	5	0,5%
Útkallssvæði 2, 3 og 4					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	29	19	65,5%	10	34,5%
Alls	1.039	1.024	98,6%	15	1,4%

Á álagstíma	Mannvirki	0 - 15 mín	Hlutfall	+15 mín	Hlutfall
Útkallssvæði 1					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	1.010	965	95,5%	45	4,5%
Útkallssvæði 2, 3 og 4					
Notkunarflokkur 4, 5 og 6	29	12	41,4%	17	58,6%
Alls	1.039	977	94%	62	6,0%

5.Heimildir

5.1 Helstu lög og reglugerðir

[Lög um brunavarnir nr. 75/2000](#)

[Byggingarreglugerð nr. 112/2012](#)

[Reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017](#)

[Reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011](#)



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins 2018